

8. fundur veitustjórnar haldinn fimmtudaginn 20. júní 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu vatnsveitu 2018.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2018. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs vatnsveitunnar á árinu.

2. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu fráveitu 2018.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2018. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs fráveitunnar á árinu.

3. Arðgreiðsla vegna Hitaveitu Flúða.

Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þar sem fram kemur að Hrunamannahreppur vill nýta sér allan forkaupsrétt sem sveitarfélagið á rétt á vegna sölu á 10,84% hlut í Hitaveitu Grafarhverfis ehf og því beint til stjórnar Hitaveitu Flúða að kaupverðið verði fjármagnað með arðgreiðslu úr Hitaveitu Flúða.

Veitustjórn samþykkir að leggja til að greiddur verði arður úr Hitaveitu Flúða til eiganda síns Hrunamannahrepps að fjárhæð kr. 2.000.000 á árinu 2019.

4. Erindi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna vatnsveitu í Þrándarholtstorfuna.

Fyrir liggur beiðni frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem óskað er eftir því að bæirnir Þrándarholt, Þrándarlundur og Þrándartún tengist kaldavatnsveitu Hrunamannahrepps.

Veitustjórn felur veitustjóra að ræða við sveitarfélagið og mögulega notendur um umfang verkefnisins en verkefnið myndi líklega kalla á frekari fjárfestingar í kaldavatnsöflun.

5. Skýrsla veitustjóra.

Hannibal fór yfir stöðu á kaldavatnsnotkun síðustu vikunnar en veitan hefur verið undir miklu álagi vegna þurrka. Veitustjórn vill beina því til notenda vatnsveitunnar að umgangast vatnsauðlindina af virðingu og vera ekki með óþarfa notkun. Þá var rætt um stöðu Flúða varðandi ljósleiðaravæðingu.

6. Skoðunarferð.

Að loknum formlegum fundi fór veitustjórn í skoðunarferð til að skoða hitaveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnosi og Búrfellsstöð II.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 15:00.